

Litlar líkur á smjörskorti

— þó smjörfjallið hverfi

UM síðustu áramót námu birgðir af smjöri í landinu um 320 tonn. Nokkuð hefur gengið á smjörbirgðirnar í þessum mánuði og lætur nærri að þær birgðir, sem til eru í landinu, jafngildi tveggja mánaða sölu á smjöri eða um 240 tonn. Í vetur hefur smjörframleiðsla hjá mjólkurbúunum verið lítil en nú hefur hún verið aukin og fer öll umframmjólk mjólkurbúanna á Norðurlandi til framleiðslu á smjöri. Aðspurður um hvort búast mætti við smjörskorti, þegar líða tæki á veturinn, sagði Óskar H. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ost- og smjörseilunnar, að það ylti mjög á því hver þróunin yrði í mjólkurfram-

leiðsluninni á næstu mánuðum. Gert væri ráð fyrir að mjólkurframleiðslan ykist, þegar kæmi fram í marsmánuð, og þá yrði hægt að auka smjörframleiðsluna til muna. Stæðist þessi spá manna sagði Óskar, að litlar líkur væru á því að smjörskortur yrði í vetur.

Ekki eru mörg ár síðan mönnum var tilfærð um smjörfjallið, en þeir tímar virðast líónir í bili og síðustu tvö til þrjú ár hefur smjörframleiðslan rétt nægt til að sinna eftirspurn hér innanlands. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að hægt verði að auka smjörframleiðsluna, þegar kemur fram í marsmánuð og er þá miðað við reynslu fyrri ára. Léleg hey bænda á aðalmjólkurfram-

leiðsluvæðunum kunna þó að hafa einhver áhrif til að draga úr þessari aukningu.

Samkvæmt lögum um mat á mjólkurafurðum þarf að geyma smjör í hálfan mánuð hjá mjólkurbúunum áður en það er metið, þannig að oft getur liðið mánuður frá því að smjörin er framleitt þar til það kemur á markað. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur nú óskað eftir heimild landbúnaðarráðuneytisins til að fá að láta meta smjörin ferskt, en þá væri hægt að senda smjörin beint á markað. Forráðamenn mjólkuriðnaðarins telja að með þessu megi tryggja að nægilegt smjör verði til í landinu í vetur en ljóst er að smjörbirgðir verða í algjöru lágmarki þegar kemur fram á vor.

Norræn sýningu

Í SUMAR verður haldin norræn sýning á vefjarlist í listasafni Alaborgar. Sýning þessi ber yfirskriftina Textil Triennale og er styrkt af Norræna Menningar- málafélaginu og er það skilyrði sett að hún færi síðan til allra Norðurlandanna. Til Íslands er ráðgert að sýningin komi í janúar 1977. Öllum þeim er vinna að vefjarlist er heimil þátttaka en eingöngu verða tekin til greina verk sem unnin eru í listrænum tilgangi, en ekki með fjölda framleiðslu í huga. Fimm manna dómnefnd mun fjalla um verkin, einn fulltrúi frá hverri þjóð. Fyrir Íslands hönd á Ásgerður Búadóttir sæti í dómnefndinni.

A Norðurlöndum er gömul hefð

vefjarlist á eina



Sýningin Textil Triennale kynnt á blaðamannafundi. Þær, sem kynntu sýninguna, voru Hildur Hákonardóttir (t.v.), Ásgerður Búadóttir, Ragna Róbertsdóttir og Steinunn Bergsteinsdóttir.

í vefjarlist sem bæði hefur átt blóma- og hnignunarskeið. Á Ís-

landi hefur þó engin hefð myndast fyrr en allra síðustu ár, að hópur listamanna hefur nýtt sér hinar ýmsu aðferðir vefjarlistar. Má í því sambandi minna á að nokkrar sýningar hafa verið haldnar hér á landi í þessari listgrein undanfarin ár og síðast á Kvinnasýningunni í Norræna húsinu.

Hver þátttakandi má ekki senda fleiri en þrjú verk og verða þau að vera yngri en þriggja ára. Þátttökugjald er 3000 kr.

Nánari upplýsingar veitir stjórn félags textilhönnuða.

Skipastóll Íslands

alls 995 skip

6 skip í smíðum erlendis og 22 innanlands

FJÖLDI og rúmlestatala íslenskra skipa var um sl. áramót samtals 995 skip og alls 175.207 brúttólestir. Þífarsskipum fækkaði um eitt skip á sl. ári en flotinn stækkaði engu að síður um 8.001 brl. Vegna endurmælinga skipa sem á skrá eru, hafa 34 skip minnkað um alls 518 brl., en 8 skip hafa við endurmælingu á árinu stækkað um 121 brl.

Þetta kemur fram í skipaskrá sem Siglingamálastofnun Íslands hefur nýlega gefið út. Þar kemur enn fremur fram, að þífarsskip undir 100 brl. að stærð eru samtals 609 og alls 18.536 brl. Fiskiskip á bilinu 100—499 brl. að stærð eru 263 og samtals 59.441 brl. en fiskiskip 500—999 brl. eru alls 26, samtals 21.002 brl.

Alls voru 40 skip strikuð út af skipaskrá á árinu 1975, samtals 2.318 brl. að stærð. Á því ári bættust hins vegar við flotann 39 skip, samtals 10.716 brl. „en til samanburðar má geta þess að á árinu 1974 bættust 65 skip við skipastólinn, alls 26.303. Flest skipanna sem frumskráð hafa verið á árinu 1975, eru fiskiskip og stærst þeirra er Harðbakkur EA-303, en af öðrum skipum má nefna varðskipið Tý, svo og flutningaskipin Hvalvík, Laxá, Álfnes, Rangá og Bæjarfoss.

Erlendis voru í smíðum um áramót 6 skip, samtals 3.350 brl. Þar af eru 5 skut-togarar innan við 500 brl. og tveir eru í smíðum í Noregi og þrír í Póllandi. Þá er í smíðum í Noregi ferjuskip fyrir Herjólf hf. í Vestmannaeyjum, sem áætlað er um 1000 brl. Innanlands eru hins vegar í smíðum 22 skip, samtals 2.827 brl. að stærð og þar af eru 7 stálskip, flest af skut-togaragerð en einnig til alhliða veiða. Eitt vöruflutningaskip um 385 lestir er í smíðum á Akranesi fyrir Sementsverksmiðju ríkisins, en

UNDANFARNA daga hefur fréttatilkynning frá svokallaðri samstarfsnefnd sjómanna birzt í flestum dagblaðum. Fréttatilkynningin hefur einnig verið lesin í útvarpi og sjónvarpi.

Í tilkynningu þessari er fjallað um fiskverðsákvörðun yfirnefndar verðlagsráðsins fyrir janúarmánuð 1976, einkum verð á ufsa. Í fréttatilkynningu samstarfsnefndar sjómanna er því m.a. haldið fram, að tilkynning um janúarfiskverð hafi ekki birzt opinberlega fyrr en 24. janúar s.l., og er látið liggja að því, að lækkingun á verði ufsa í 2. og 3. gæðaflokki 85 cm og stærri hafi vísitandi verið haldið leyndri fyrir sjómönnum. Í fréttatilkynningu samstarfsnefndar sjómanna segir loks, að ætla megi, að verð á ufsa, sem veiddur er í net og flokkaður í gæðaflokka sé nú 12—14 kr. pr. kg. en hafi verið fyrir ákvörðunina 18—20 kr. pr. kg. Þannig er því haldið fram, að verðákvörðunin hafi falið í sér 30—33% lækkingu á ufsaverði að meðaltali. Í blaðaviðtölum við menn, sem kenna sig við yfirnefnda samstarfsnefnd sjómanna, eru höfð upp ýmis stóreyri um þessa verðbreytingu og það staðhæft, að uppistaðan í janúarafla bátaflotans sé 2. flokks ufsi og því jafnvel haldið fram, að 80—90% ufsaaflans sé í verðflokki þeim, er lækkingin náði til. Raunar er því á einum stað haldið fram, fyrirvaralaust, að verðákvörðun þessi feli í sér 30—33% kjara-

skerðingu hjá meginþorra sjómanna. Fullyrðingum þessum hafi fylgt ásakanir á hendur verðlagsráðsmönnum, þess efnis, að þeir hafi beinlínis stefnt að því að skerða hluti sjómanna og haldið leyndri fyrir þeim verðákvörðuninni, sem þessum ósköpum ylli.

Að þessu tilefni vill yfirnefnd verðlagsráðsins láta eftirfarandi koma fram.

Í fréttatilkynningu frá Verðlagsráði um fiskverðsákvörðun yfirnefndar fyrir janúar 1976, sem út var gefin 30. desember 1975, komu að venju einungis fram meginatriði ákvörðunarinnar. En að þessu sinni var ákvörðunin einkum um breytingu á stærðarflokkum fisks, en um þá breytingu sem aðrar við þessa verðákvörðun náðist samkomulag. Áætlað er, að breytingar þessar í heild valdi hækkun fiskverðs að meðaltali um 1—1½%, og er þá miðað við samsetningu aflans á heilu ári. Í fréttatilkynningu Verðlagsráðs frá 30. des. 1975 kom fram, að auk stærðarflokka-breytingarinnar hefðu orðið nokkrar minni háttar verðbreytingar. Þeirra var hins vegar ekki nánar getið í upphaflegri fréttatilkynningu, enda sýnir reynslan, að fjölmiðlar styttu yfirleitt jafnvel einnar síðu frétt af þessu tagi.

Eins og jafnan áður tók nokkurn tíma að ljúka prentun og dreifingu hinnar endanlegu, opinberu verðtilkynningar, þar sem tilgreind eru nákvæmlega verð allra þeirra fisktegunda, sem



Jindrich Rohan

Tónlist

eftir EGIL FRÍÐLEIFSSON

Sinfóniutónleikar

Háskólabíó 29. jan.

Efnisskrá:

R. Wagner: „Tristan og Isold“ forleikur.

M. Ravel: Pífanókonsert í G-dúr.

Stjórnandi: Jindrich Rohan
Einleikari: Peter Toperczer.

TEKKNESKI hljómsveitarstjórnin Jindrich Rohan er okkur Íslendingum að góðu kunnur fyrir störf sín í þágu sinfóníunnar á sínum tíma. Það var því mjög ánægjulegt að sjá hann aftur á sviðinu á fimmtudagskvöldið, og fá tækifæri til að fylgjast með hversu góð og örugg tök hann hefur á hljómsveitinni, hve auðvelt það virðist fyrir hann að fá mannskapinn til að taka virkilega á þannig, að hljómsveitin sýndi nú sínar bestu hliðar. Að þessu sinni voru verkefni eftir Wagner, Ravel og Smetana. Forleikur Wagners að „Tristan og Isold“ er listavell gerð tónsmíð. Áhrifaríkir upphafs-hljómarnir, sem svo birtast aftur og aftur, hafa orðið frægir í tónlistarsögunni, og allt er verkið þrungið magnaðri dramatískri spennu frá upphafi til enda með sínum breiðu mjúku laglinum, sem bornar eru uppi af þykkum hljómunum — hinni þungu undiröldu — sem gefa forleiknum alvöru-gefinn og staðfestulegan blæ. Flutningur í heild tókst mjög vel. Allar aðal-línur voru skýrt

dregnar og leikur hljómsveitarinnar yfirvegaður og öruggur Rohan tókst hér, sem mörgum hljómsveitarstjóranum hefur gengið erfiðlega, að byggja upp langt, hægt og stífgandi crescendo að hápunkti og síðan rólegt diminuendo til baka á áhrifaríkan og sannfærandi hátt. Samræmi var gott milli blásara og strengja og flutningur sem fyrr segir hinn ágætasti. Hjó sama má raunar einnig segja um leik hljómsveitarinnar í litríkum og bráðskemmtilegum píanókonsert Ravel, sem gerir ekki síður kröfur til hljómsveitarinnar en einleikarans, sem hér var tékkinn Peter Toperczer. Hann er góður píanóleikari, og hefur yfir að ráða ágættri tækni. Leikur hans er agaður og nákvæmur en þó fullur af þrótti og fjöri, sem ekki kom hvað síst fram í lokabættinum. Það var helst í viðkvæmum öðrum bættinum að hljómsveitin bar píanóið ofurliði á stundum. Tónleikunum lauk svo með því að leiknir voru þrír bættir úr hinu mikla tónaljóði Smetana „Föðurland mitt“. Auðséð var að hér var Rohan á heimavelli og stýrði liði sínu af mikilli fimi og ákveðni. Í heild voru þetta mjög ánægjulegir tónleikar. Hljómsveitin hefur ekki leikið eins vel síðan 10. sinfónía Sjostakovítsj var flutt á svo eftirminnilegan hátt fyrir í vetur.

frá yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins

verðlagðar voru, í öllum stærðar- og gæðaflokkum auk afhendingarskilmála. Að þessu sinni var verðtilkynning send út til dreifingar 15. janúar 1976, en ekki 24. janúar eins og haldið er fram. Þá var tilkynningin send til Lögbirtingablaðsins 2. janúar 1976, og hún birt þar hinn 16. janúar s.l. Mestu skiptir þó, að allar upplýsingar um einstök verð gátu þeir, sem áhuga höfðu eða hagsmuna áttu að gæta, fengið hjá félagasamtökum sjómanna, útvegsmanna, fiskvinnslustöðva og skrifstofu Verðlagsráðs strax 31. desember 1975. Hefur þessi háttur jafnan verið á hafður og ekki sætt gagnrýni. Því fer þannig víðs fjarri, að nokkur leynd hafi verið yfir þessari verðákvörðun. Þvert á móti má benda á, að hún hafi í senn legið fyrir fyrir en undanfarin ár og verið nánar frá henni greint í fyrstu frétt en oft áður, því oftast hefur niðurstöðu verðákvörðunar í fyrstu verið lýst með einni meðaltalsprósentu. Við stærðarflokka-breytinguna voru stóruksamörkin færð niður úr 85 cm í 80 cm en á þessu lengdarbili áætlað Hafrannsóknastofnunin, að 10—11% af ufsaaflnum í heild liggja. Verð á 1. fl. ufsa af miðlungstærð er kr. 15.40 en verð á stórum ufsa í 1. fl. er nú kr. 23.30 miðað við óslægðan fisk. Gefur því auga leið, hve mikils virði þessi breyting er fyrir sjómenn og útvegsmenn. Auk þessarar breytingar varð að ráði — vitaskuld að kröfu kaupenda,

sem þáttur í heildarlaun — að láta sama verð gilda fyrir 2. og 3. flokks stóruksa og fyrir miðlungsu- ufsa í sömu gæðaflokkum en 2. og 3. flokks stóruksa eru aðeins 7—10% af ufsaaflnum á heilu ári, skv. beztu heimildum. Rökin fyrir þessari breytingu eru skýr. Hið háa verð á stóruksa helgast af framleiðslu saltufsaflaka, en í þau þarf gallalaust hráefni. Gallaður fiskur, þótt stór sé, hentar því miður eingöngu í afurðir, sem nú gengur mjög erfiðlega að selja.

Að teknu tilliti til verðfellingar á 2. og 3. fl. stóruksa verður niðurstaðan 1½—2% hækkun á ufsaverði að meðaltali miðað við heilt ár, en verðlagsráðið miðar flestar áætlanir sínar af þessu tagi við aflatölur fyrir heilt ár. Til dæmis um það, hve fráleitar fullyrðingarnar í fréttatilkynningu samstarfsnefndarinnar eru, er rétt að geta þess, að ef lítið er á ufsaaflann mánuðina október — des. 1975 en um hann liggja nú fyrir skýrslur frá Fiskifélagi Íslands, má ætla, að á þessu tímabili hafi meðalverðið hækkað skv. janúarfiskverðsákvörðuninni um 3—4%, úr kr. 18.40 í u.þ.b. 19.00 krónur miðað við óslægðan fisk. Víst má telja, að breytingin á verðflokki ufsa komu sumar- og haustveiðum fremur til góða en vetrarveiðum. Hins vegar eru allar fullyrðingar um, að 80—90% ufsaaflans í janúar séu í 2. og 3. gæðaflokki sem betur fer hrein fjarstæða. Úrtak úr fisk-

Framhald á bls. 31.